

Samningur um þjónustu með reiðufjárviðskipti

Nafn viðskiptavinar:	Kennitala:
Reikningsnúmer:	
Tengiliður:	
Sími:	Netfang:

Viðskiptavinur og Íslandsbanki hf., kt. 491008-0160, (bankinn) gera með sér eftirfarandi samning um þjónustu með reiðufjárviðskipti. Þjónustan felst í því að Íslandsbanki tekur við innleggi frá viðskiptavini í reiðufé sem fært er inn á reikning viðskiptavinar, hvort sem er í sjálfsafgreiðslu í hraðbanka eða hjá gjaldkera.

Áreiðanleikakönnun

Með tilvísun til laga nr. 140/2018, um aðgerðir gegn peningabætti og fjármögnun hryðjuverka, aflar Íslandsbanki eftirfarandi upplýsinga sem ekki verða notaðar í markaðslegum tilgangi.

1. Hver er tilgangur og rekstur félagsins? _____

2. Hver er uppruni þess reiðufjár sem lagt er inn í bankann? _____

3. Hver er rekstur félagsins sem leiðir til reiðufjárveltu? _____

4. Hvert er áætlað mánaðarlegt umfang reiðufjár sem verður lagt inn í bankann? _____

Viðskiptavinur

1. Viðskiptavinur ber ábyrgð á innleggjum sem berast bankanum.
2. Viðskiptavinur ber ábyrgð á því að vanda frágang á innleggjum sem berast bankanum.
3. Ef innlegg eiga að vera aðskilin á reikningi skal tilgreina upphæð hvers innleggs.
4. Viðskiptavini ber að svara fyrirspurnum bankans vegna innlagnar innan 2ja virkra daga frá því að fyrirspurn er sett fram.

Verði innlegg sent frá bankanum til Seðlavers skal viðskiptavinur jafnframt uppfylla eftirfarandi skilyrði:

1. Innlegg skulu berast í öryggispokum/gjaldkeraumslagi með strikamerki, sem fást m.a. hjá öryggisfyrirtækjum, ásamt útfylltu innleggsblaði, sem fæst afhent hjá bankanum.
2. Innlegg skulu ekki innihalda meira en lúkufylli af mynt í hverjum öryggispoka.
3. Ekki er heimilt að nota bréfaklemmur í innleggjum.
4. Viðskiptavinur skal varðveita pokanúmer í 30 daga frá innlögn í því skyni að auðvelda og flýta fyrir leit ef til hennar kemur.

Innlegg verða send í Seðlaver



Íslandsbanki

1. Kvittun fyrir innlögn skal send viðskiptavini í lok þess dags sem innlegg er bókað.
2. Reynist vera mismunur á innleggi og innleggsblaði er það tilgreint á kvittun til viðskiptavinar og gildir þá talning bankans.
3. Íslandsbanka er heimilt en ekki skylt að endurskoða samning þennan ef tilefni gefst til þess, m.a. vegna þess að svör viðskiptavinar við fyrirspurn hafa reynst ófullnægjandi eða viðskipti eru ekki í samræmi við upplýsingar sem fram koma í áreiðanleikakönnun.
4. Innlegg sem bókast í Seðlaveri skulu flutt þangað með öryggisflutningum.

Ýmis ákvæði

1. Samningurinn er uppsegjanlegur af hálfu beggja aðila með eins mánaðar fyrirvara miðað við næstu mánaðarmót. Uppsögn tekur gildi 1. dag næsta mánaðar eftir að uppsögn er móttækin. Tilkynning um uppsögn skal send aðilum með sannanlegum hætti.
2. Íslandsbanka er heimilt en ekki skylt að endurskoða samning þennan ef tilefni gefst til þess, m.a. vegna þess að svör viðskiptavinar við fyrirspurn hafa reynst ófullnægjandi eða viðskipti eru ekki í samræmi við upplýsingar sem fram koma í áreiðanleikakönnun.
3. Öll gjöld vegna þjónustunnar reiknast samkvæmt verðskrá bankans sem nálgast má á heimasíðunni, www.islandsbanki.is.
4. Mál milli viðskiptavinar og bankans út af samningi þessum má reka fyrir Héraðsdómi Reykjaness.
5. Viðskiptavinur staðfestir og samþykkir skilmála samningsins með undirritun eigin hendi eða rafrænni undirritun.

Staður

Dags. (DD.MM.ÁÁÁÁ)

F.h.viðskiptavinar

F.h.Íslandsbanka